

Mál nr. 15/2011

Ár 2012, þriðjudaginn 7. febrúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 15/2011

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 9. maí 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu Y til umsagnar með bréfi dagsettu 4. október 2011 og henni gefinn andmælafrestur til 1. nóvember. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var kærðu gefinn viðbótasvarfrestur til 17. nóvember. Kærða Y svaraði ekki ítrekun og var þá kærða boðuð á sáttafund 10. janúar á skrifstofu HRFÍ með ábyrgðarbréfi dagsettu 2. janúar og þar eð kærða býr utan höfuðborgarsvæðisins var henni boðið að funda gegnum fjarfundabúnað sem kærða Y þáði. En fyrr um daginn 10. janúar barst svarbréf frá kærðu Y. Var fulltrúa HRFÍ sem sat sáttafundinn afhentafrít af svarbréfinu og var samþykkt að taka það til skoðunar á fundinum. Á fundinum reifuðu aðilar sjónarmið sín. Ekki náðust sættir og þar sem siðanefnd taldi að öll gögn og sjónarmið er máli kynnu að skipta væru fram komin þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 1. ágúst 2010 var tíkin XX pöruð við rakkann YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu cavalier king charles spaniel og er tíkin í eigu kærðu Y. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærða Y brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærða Y svaraði því til að henni hafi orðið það á að rugla saman vottorðum þegar hún var að athuga með augnskoðun fyrir pörun og hafi henni virst sem tíkin hefði verið með gilt augnvottorð. Kærða Y tók það skýrt fram að hún hefði undir engum kringumstæðum parað tíkina ef hún hefði ekki talið að öll tilskilin vottorð væru í lagi. Kærða Y baðst afsökunar á mistökunum og sagðist myndi leggja sig fram um að fara að reglum félagsins.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið cavalier king charles spaniel:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 25 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.07.2009). Ekki skal rækta undan hundum, sem greinast með eftirtalda sjúkdóma: PRA, Starblindu (Juvenile cataract), meðfædda starblindu (Microphthalmia cataract), Retinal Dysplasia geographic/detached eða Multifocal Retinal Dysplasia. Greinist hundur með einhvern af ofangreindum augnsjúkdómum fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. (Gildir frá 01.08.2006).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað 21. desember 2010 hafði tíkin ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu cavalier

king charles spaniel skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 25 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða Y því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ .

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða Y fór með tíkina strax í næstu augnskoðun eftir pörunina þar sem í ljós kom til allra heilla að hún stóðst skoðun. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að tíkin hafi staðist skoðun eftir á. Reglan hljóðar á um að vottorð liggji fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan sjúkdóm. Kærða Y hefur beðist afsökunar og heitið því að virða lög félagsins framvegis og þar eð kærða hefur ekki svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins áður þá þykir hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða Y er áminnt.

f.h siðanefndar

Sign:

Herdís Hallmarsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir